

Einar E. Sæmundsem.

DAGBÓKARSKÝRSLA SUMARÍD 1929.

-

Dagbókarskýrslur 1929.

13. júní, fimmtudagur.

Fór ég í bifreið frá B.S.R. austur í Fljótshlíð til þess að sækja hesta, sem ég átti þar í fóðri. Hafði ég búist við að taka þá þar þegar farið yrði að girta í pórmörk. En þegar fullvist var að ekkert yrði unnið í sumar var ekki um annað að gera fyrir mér en að sækja hestana sjálfur.

Fór ég úr bifreiðinni hjá Ormskoti og biðu míni þar 2 hestar míni, en 1 fram í Landeyjum. Skrapp ég svo að Múlakoti og var þar nóttina.

14. júní, föstumagur.

Skrapp Árni í Múlakoti með mér suður að Kárastöðum. Þangað hafði fleitt um vorið Ársæll á Álfhólum, en hjá honum átti hesturinn að vera. Þegar þangað kom var Ársæll fram í Sandi að skipa upp vörum og ekki væntanlegur fyrr en undir næsta morgun. Skýrbi konan svo frá að hesturinn væri enn úti á Álfholsmýrum og þótti mér þá vandast mál. Skrifabí ég þá Ársæl og bað hann ef hann séi sér nokkra leið að koma hestinum í veg fyrir mig að Garðsauka daginn eftir, en ég skyldi bíða þar til miðaftans. Þurfti ég að skynda svo ferðinni af því að ég hafði ákveðið að vera í Rvík sunnudagskveld. Þótti mér slæmt að geta ekki hitt Ársæl heima, því hann hafði um veturinn talað við mig um að koma upp skógræðslu í kringum Gamla-Vorsabæ og vildi fá leiðbeiningar um það hjá mér. Nú var þess ekki kostur að athuga neitt þar um, þar sem hann var ekki heima. Sneru við svo til baka upp að Múlakoti við Árni og var ég þar nóttina.

15. júní, laugardagur.

Hélt ég svo út um að Garðsauka. Beið ég litla stund þar til Ársæll kom með hestinn. Hafði hann strax brugðið við er hann kom heim og lesið bréf mitt og var þá búinn að vaka í two sólarhringa. Hélt ég svo út að Þjórsá um kveldið og var þar nóttina.

16. júní, sunnudagur.

Hélt ég svo vestur um og náiði til Reykjavíkur um kveldið. Hafði ferðin þá tekið 4 daga.

19. júní létt ég reka heim hesta mína og járna þá.

Laugardalsförl.

Fimmtudaginn 20. júní lagði ég af stað austur í Laugardal, ásamt syni mínum. Fórum við Mosfellsdal, og vorum ríðandi. En kona míni fór í bifreið austur á Þingvöll og ætluðum við að hittast þar, sem við og gerðum, Dvöldum við þar nokkura stund saman og sýndi ég henni og frænku hennar sem hún fór með, ýmislegt þar á Þingvöllum. Hélt ég svo að Skógarkoti og varð það úr að við vorum þar nöttina.

Föstudagur, 21. júní.

Ætluðum við að leggja snemma upp, en þegar hestar voru sóttir kom í ljós að einn þeirra vantaði og var það Gammur (foli Einars litla). Leituðu þeir svo Einar og Pétur í Skógarloti lengi dags um allt hraun og upp að Ármannsfelli en árangurslaust. Var ég helst á að folinn hefði farist í gjá, eða þá strokið norður Kaldadal, en hann er ættaður norðan úr Vatnsdal.

Laugardagur, 22. júní.

Mældi ég fyrir hinni væntanlegu skólagirðingu í Bekkjarlög og var Böðvar með mér. En svo mikil hvassviðri var á, að við treystumst ekki að mæla upp á fjallinu.

Frá Laugarvatni höfðu tapast hross sem einn smiðurinn í skólanum átti og sést til þeirra út hrauni vestara, þar sem þau virtust ætla beinstu leið norður á Kaldadal, en það hrossið sem réði ferðinni var norðan úr Miðfirði. Kom ég nú að tali við smiðinn og varð þá úr að hann legði af stað að leita hrossanna og ég legði honum til Örn og Smyril en þriðja hestinn hafði hann sjálfur. Átti hann að leita allt norður að Kalmannstungu og vænti ég þá kankske að Gammur komi í leitirnar hefði ef til vill hitt hross þessi. En maðurinn komst aldrei nema í Brunna, þar mætti hann fólki, sem að norðan kom og hafði það ekki orðið vart við neina hesta. Einnig voru menn þá að riðja veginn og fullyrtu þeir að engir strokuhestar hefðu farið þar um. Þótti mér þá illa áhorfast að Gammur sæist aftur lifandi.

Sunnudagur, 23. júní.

Fórum við til kirkju að Miðdal, hélt ég að öðru leyti kyrru fyrir.

Mánudagur, 24. júní.

Mælt fjallið og lokið að öðru leyti öllum mælingum, en eftir aðeins að athuga gömlu girðinguna í sambandi við væntanlegar breytingar, en því lauk ég öllu fyrrri bluta næsta dags.

Priðjudagur, 25. júní.

Héldum við út að Skógarkoti. Mættu okkur þar þau gleðitíðindi að Gammur væri fundinn. Hafði Pétur farið vestur í Botnsdal og frétt að sést hefði jarpur hestur út á Strönd. Reið þá Pétur frá víkinni og náði honum nálægt Hrafnabjörgum, og geymdi hann nú í girðingu uppi á Leirum. Vórum við svo í Skógarkoti nóttina.

Miðvikudagur, 26. júní.

Héldum frá Skógarkoti og upp á Leirar, tókum þar Gamm og virtist hann gleðjast yfir því að finna aftur kunnuga hestana. Héldum svo niður yfir heiði og heim um kveldið.

Hafði ferðin þá tekið 7 daga.

Var ég svo í Reykjavík allt þar til að ég lagði í norðurförina. Aðstoðaði skógræktarstjórnann sundum við að afgreiða efni og taka á móti því.

Norðurför.

Föstudagur, 19. júlí.

Lét ég reka heim hestana og járna þá. Ætlaði ég að leggja af stað um miðaftan og upp í Kjós. En eftir töskunni varð ég að bíða fram eftir öllu kveldi (Eggert Kristjánsson var að sauma hana) og komumst við Einar ekki frá Tungu fyrr en um miðnætti, en þangað hafði ég komið hestunum í geymslu, er ég sé að standa mundi á töskunni. Héldum við svo af stað með 4 til reiðar og héldum í áfanga að þyrlí. Á Reynivallahóli hrepptum við norðanbálviðri svo að fjörðinn hvítskóf. Að þyrlí komum við um fótaverð og sváfum þar fram til kl. 3. Var rokið þá svo mikið að ekki var hægt svo mikið sem að slá á túninu. Héldum við sem leið liggar og helzt rokið alla leið norður á Draga. Þá fór að draga úr vetrinu. Að Grund komum við kl. 7, höfðum þá hvergi komið frá þyrlí. Ætlaði ég að

ná samtali við þá bræður, Þorstein og Magnús í Norðtungu, en þeir voru ekki viðlátnir. Tók ég þá fyrir að nótta okkur á Grund.

Sunnudagur, 21. júlí.

Símaði ég til Þorsteins og mæltist til við hann að koma á móti mér. Lögðum við svo af stað og mætti Þorsteinn okkur við Flókadalsá,. Heimsóttum við Andrés bónda í Síðumúla en við höfðum verið samverkamenn á Alþingi í mörg ár. Ég við Andrés að leigja mér hest til ferðarinnar, af því ég treysti ekki meira en svo Erni, það voru sprungur í hófunum og mátti búast við að hann heltist. Tók Andrés því vel og leigði mér hest í allan túrinн fyrir 50 krónur, en gæti ég selt hann sæmilegu verði á suðurleit, átti leigan að falla niður, en það tókst ekki. Auk þess tók ég hjá Andrésem 2 fola ótamda, til þess að temja í ferðinni. Fórum við svo að Norðtungu og vorum þar nóttina.

Mánudagur, 22. júlí.

Kom Andrés með hestana og var svo lagt af stað. Fylgdi Þorsteinn okkur. Áðum við nokkura stund hjá réttinni og sýndi Þorsteinn mér nokkurn hluta af girðingu þeirri er þeir bræður voru að gera. Sagði Þorsteinn mér ýmislegt um girðingar yfir yfir höfuð. Færði ég mér það í nyt, sérstaklega um frágang hornstaura og strengjar, og kom það mér að góðu haldi síðar. Var svo haldib af stað sem leið liggur að Fornahvammi og fór Þorsteinn með okkur. Var ætlun okkar feðganna að halda að Grænumýrartungu um kveldið, en á meðan við áðum í Fornahvammi þyngdi hann allur í lofti og fór að rigna. Sagði Jóhann að versta veður væri á heiðinni og mundi þó versna enn meir með kveldinu. Sættist ég þá upp og varð nóttina í Fornahvammi og Þorsteinn sömuleiðis.

Þriðjudagur, 23. júlí.

Tókum við daginn mjög snemma og fórum án þess að snæða, en báðum Jóhann að síma að Grænumýrartungu þegar sími væri opnaður og biðja að hafa þar mat til handa okkur. Gekk ferðin ágætlega og var maturinn til er við komum að Grænumýrartungu. Frá Grænumýrartungu lét ég spyrjast fyrir hvort Hannes alþm. á Hvammstanga mundi vera heima og fékk það svar að svo væri. En Hannes hafði um veturinn á þingi látið þá ósk í ljósi við mig að sig langaði að koma upp skógi með fræsáningu.

Varð nú úr að við héldum að Hvammstanga um kveldið og fengum inni á gistihúsínu. Þennan dag heltist Gammur af sprungu og tálguðum viðhana upp um kveldið.

Miðvikudagur, 24. júlí.

Um kyrrt á Hvammstanga. Fór ég með Hannesi alþm. upp að Kirkjuhvammi, en þá jörð hefir hann fyrir skömmu keypt og þar langar hann að reyna birki-fræsáningu. Skóðuðum við ýmsa staði og leist mér viða allgott land. Bentí ég honum helst á stað rétt ofan við túnið, og má bæði hafa það 2-3 dagsláttur eða þá stærra (ca. 10-15 dagsláttur) eftir því sem komið verður sér saman um. Ráðlagði ég honum að sækja um styrk til stjórnar-ráðsins ef honum litist svo á og gæti hann þar tiltekið nánar stærð landsins.

Þegar þessu var lokið var komið fram yfir nón og þótti mér þá ekki taka því að leggja af stað svo að ég varð á Hvamms-tanga næstu nótt.

Fimmtudagur, 25. júlí.

Sveinn sá er sækja átti hestana fann ekki nema suma þeirra, varð ég því að kaupa mann til þess að leita þar um fjallið og fann hann þá. En allt tók þetta í tímann, svo að við komumst ekki af stað fyrr en um kl. 2. Var afskaplegur hiti þennan dag svo að okkur sóttist seinna. Héldum við að Hjalta-bakka um kveldið og höfðum þá hvergi komið frá því lögðum af stað. Urðum við að vekja upp og fengum góðan beina. Taldi ég óhætt að sleppa hestunum lausum, því þeir voru orðnir svangir og hart riðið frá H

Föstudagur, 26. júlí.

Þegar taka átti hestana fundust fyrst ekki aðrir en Örn og Smyrill. Varð talsvert leit úr hinum en fundust þó vestur við Laxá. Komumst við af stað kl. 12. Frá Blönduós sendi ég konu minni skeysi norður að Hólum, þess efnir að við yrðum á Sauðár-króki næstu nótt ef enginn kæmi á móti okkur. Héldum við svo sem leið liggar yfir Kolugafjall að Sauðárkrók án þess að koma á nokkurn bæ.

Að Sauðárkrók kom um kveldið Jóhann mágur minn og fórum við með honum um nóttina heim að Brekkukoti í Hjaltadal. Þar var kona mína fyrir og dóttir okkar.

Laugardagur, 27. júlí.

Um kyrrt í Brekkukoti.

Sunnudagur, 28. júlí.

Fórum við hjónin ásamt börnum okkar inn að Hrafnhóli að hitta Stefán mág minn sem þar býr. Fylgdi Jóhann okkur. Brugðum við okkur á bæina þar fyrir innan, en þar er frændfólk konunnar. Að Hrafnhól vorum við nöttina.

Mánudagur, 29. júlí.

Fórum við frá Hrafnhóli seinni hluta dags og komum að Kálfsstöðum. Þar er Árni bóndi að koma sér upp myndarlegum garði við bæinn. Hafði hann fengið plöntur frá Lilju á Víðivöllum, stórar og renglulegar birkiplöngur, en allar dýgjandi, (hær eru víst frá Vöglum?). Langar hann til að fá eitthvað lífvænlegra í garðinn næsta ár og lofaði ég honum að vera hjálplegur í því efni. Árni minntist á skógarleyfar í Hrollleifsdal og óskoði eftir að stæði svo á fyrir mér er ég kæmi til baka að hann gæti skroppið þangað með mér að athuga þessar skógarleyfar. Að Brekku-koti fórum við um kveldið.

Priðjudagur, 30. júlí.

Þvegið af okkur og gert við föt. Skrapp ég til Hóla og athugaði fyrir skólastjóra Steingrím Steinþórsson svæði sem hann langar til að reyna að koma upp skógi á með fræsáningu. Liggur það sunnan við túngirðinguna ofan fjárhúsanna nýju og mun láta nærri um 9-10 vallardagssláttur. Er það viða mótulega deiglent og virðist mjög vel fallið til birkifræsáningar. En á smárindum og þar sem þætti ef til vill full burrt til fræsáningar mætti gróðursetja ýmsar tegundir. Ráðlagði ég skólastjóra að sækja um styrk til þess að girða svæði þetta og senda þá jafnframt utanmál hinnar vætanlegu girðingar. Virðist mér að til mikils gagns gæti það orðið skógræktarmálínus er stundir líða, að slíkar tilraunir séu gerðar á jafn viðfrægum stað, sem Hólum, þar sem bæði er búnaðarskóli og auk þess er þangað mikill straumur gesta viðsvegar af að landinu.

Heimagarðurinn á hlaðinu var fallegur. Leyndi sér ekki að hann hafði gott af grisjuninni í fyrra. Mörg einstök tré vaxið vel og virðast mjög proskavænleg.

Miðvikudagur 31. júlí.

Lögðum við frá Brekkukoti norður Heljardalsheiði og fylgdi þau okkur upp á háheiði, knna míð og Jóhann bróðir hennar. Síðan héldum við niður Svarfaðardal og allt inn að Litlu-Hámundarstöðum á Árskógaströnd. Þar vorum við nóttina.
Fimmtudagur, 1. ágúst.

Héldum við sem leið liggur inn á Akureyri. Lét ég járna þar 2 hesta og ætlaði að hafa stutta dvöl. Þurfti ég að hitta dýralæknir til þess að athuga Örn og Gamm, sem báðir voru haltir, einkum þó Gammur. En dýralæknir var ekki viðlátinn fyrr en seint um kveldið og tálgaði hann þá upp sprungur á báðum hestunum. Kl. 11 héldum við frá dýralæknir og áleiðis til Vagla. Komum þangað kl. 2 um nóttina. Var þá grimmdarfrost og hrímaður skógurinn er við ríðum þar um.

Föstudagur, 2. ágúst.

Fór Kristján skógarvörður til Akureyrar snemma morguns, en kom aftur um kveldið. Fór ég út að Hálsi til þess að síma. Talaði við Arnór skólastjóra á Laugum, er taldi að hægt væri að byrja á girðingunum strax eftir helgi, en þó mundi ekki allt girðingarefnið komið, en lægi að líkendum á Húsavík og kæmi þá næstu daga. Fór ég svo dálíðið um skógin og kom í græðireitinn, þar leist mér vel á reyniplönturnar en furðaði á hvað birkið hafði illa komið upp. Sagði Kristján mér að ekki væri allt með felldu um girðingarefnið sem fara ætti að Garði. Til Akureyrar væru aðeins rúllurnar komnar, en engir staðvarar. Hafði hann símað um þetta til skógræktarstjóra síðasta mánudag, en fengið það svar að hann væri farinn úr bænum. Hafði svo Kristján látið afgreiðslu Esju á Akureyri rekast í þessu en ekkert orðið frekara ágengt. Vórum á Vöglum nóttina.

Laugardagur, 3. ágúst.

Fórum við Kristján út að Garði í Fnjóskadal og athuguðum öspina þar með Páli bónda. Var lega hinnar væntanlegu girðingar ákveðin og lofaði Páll að veita mér alla þá aðstoð sem ég þyrfti þegar ég kæmi aftur til baka, sem ég gerði ráð fyrir að yrði um næstu mánaðarmót.

Fórum við svo til baka og var ég á Vöglum nóttina. Þar var mér samnótt skólastjórafrúin á Laugum, sem komið hafði innan af Akureyri og var nú á heimleið.

Sunnudagur, 4. ágúst.

Héldum við svo frá Vöglum og varð frú Helga okkur samferða. Í Ljósavatnsskarði reið fram á okkur fróken Kristíana Pétursdóttir frá Gautlöndum, sem ráðin var forstöðukona húsmæðraskólans á Laugum. Urðum við svo öll samferða og léttum ekki fyrr en við komum að Laugum. Var ég þá kominn á leiðarenda.

Tók Arnór skólastjóri mér vel og fylgdi mér með hesta mína í girðingu á Litlu-Laugum. En lélegir þóttu mér hagarnir.

Á Laugum.

Fyrir mig hafði verið lagt að setja upp 4 girðingar á Laugum (samkv. bréfi skógræktarstjórans 17-VII 1929) eins og hér segir:

1. Girðing um leikvöll ungmannafélaganna og skólans.
2. Girðing um trjágarð sunnan við skólahúsið (kringum tjörnina).
3. Girðing um staksteinátt holt í túnstæði skólans (trjágarður húsmæðraskólans).
4. Girðing um uppeldisstöð fyrir plöntur (100 m.)

Begar ég fór að ræða um þessar girðingar við Arnór skólastjóra taldi hann ógerlegt að setja nema tvær af þeim upp að þessu sinni (þ.e. 1. og 3. girðinguna.) Um girðinguna nr. 2 væri það að segja að mikið væri enn ógert að því sem gera ætti kringum tjörnina, þangað þyrfti að flytja mold til upphækunar, breyta vegum og fleira að gera, en öllu því yrði að vera lokið áður en girt væri umhverfis tjörnina. Félst ég á þetta og þar með var þessari girðingunni slegið á frest.

Viðvíkjandi 4. girðingunni (græðireitnum) upplýsti Arnór það, að ætlun hans og þeirra sem að skólanum standa, væri sú að taka til ýmis konar garðræktar allstórt svæði í kringum langar þær upp í brekkunum, sem matjurtagarðarnir eru nú og hefði honum jafnvel komið til hugar að innan peirrar girðingar mætti hafa græðireit. Bentí ég honum á að engin reynsla væri fyrir því hversu heppilegt væri að ala upp trjáplöntur í volgum jarðveg. En Arnór hélt að auðvelt væri að finna þar kaldan jarðveg ef leitað væri, og kælt vatn væri þar til vökvunar. Kom okkur saman um að fresta græðireitnum að sinni og bíða að minnsta kosti næsta árs, enda taldi Arnór sennilegt að þá yrði hafist handa og þetta fyrirhugaða garðræktarsvæði girt og undirbúið. Og fari svo að skilyrði fyrir græðireit reynist þarna góð, þá er hann vitanlega

vel settur innan hinnar fyrirhuguðu girðingar.

Mánudagur, 5. ágúst.

Athugaði ég fyrst svæði það vestan ár, þar sem leikvöllur skólans og ungmenningarfélaganna er. Vóru þeir með mér Arnór skólastjóri og Konráð kennari Erlendsson, sem ráðinn var við girðingar. Ær þetta svæði á landi jarðarinnar Hóla og fengum við Jakob bónda til leiðbeininga, sem kunnugastur þar öllum staðháttum. Kom margt til greina t.d. snjóþyngsli svo og áin (Reykjadalsá) sem í leysingum fer með jakaburði upp á bakkana vestan megin. Taka varð tillit til alls þessa áður en girðingarlínan væri endanlega ákveðin. Ákváðum við lauslega til að byrja með aðalhornin.

Þó athuguðum við "staksteinótta holtið" þar sem vera á skrúðgarður húsmæðraskólans, og var forstöðukonan með okkur, fröken Kristíana Pétursdóttir frá Gautlöndum. Kom þá í ljós að framhlið girðingarinnar mundi ekki vera hægt að fullgera að þessu sinni vegna þess að ýmsu þarf að breyta þar samhlíða því sem gert verður umhverfis tjörnina. Auk þess óskaði forstöðukonan að framhliðin yrði trérimlagirðing. En hinar þrjár álmurnar vóru þá nokkurn veginn ákveðnar.

Kom efnið sem eftir var á Húsavík og reyndist það vera samtals 25 stanrabúnt og 18 vírrúllur. Vantaði þá verkfærapokann, járnkallinn og bindingsvírinn. Lofaði bílstjórinn að leita betur að því í afgreiðslu Esju á Húsavík þegar heim kæmi. En við fengum það svar símleiðis um kveldið að frekari farangur til Laugaskóla fyndist þar ekki. Var þá úr vöndu að ráða því erfitt að setja upp girðinguna verkfæralauost. En þar sem ég átti þá von á skógræktarstjóranum þá og þegar sunnan Sprengisands fannst mér rétt að bíða átekta og skýra honum frá þessum vandræðum svo fljótt sem kostur yrði. Bað ég svo stöðina á Breiðumýri að spyrjast fyrir um skógræktarstjórans, bæði á Hálsi og Akureyri en hans hafði hvergi orðið vart.

Þriðjudagur, 6. ágúst.

Byrjuðum við Konráð að stinga út girðinguna vestan ár og voru þeir þar enn með í ráðum Arnór skólastjóri og Jakob bóndi á Hólum. En þar sem hvorugur þeirra var algerlega viss um landamerki þau, sem gerð voru þegar ákveðið var að skólinn eignaðist þessa spildu úr Hólalandi, var sent til jarðareigandans, Árna bónda Jakobssonar í Skógarselí og hann beðinn að koma til skrafs og ráðargerðar. Og brá hann skjótt við. Vildi Arnór skólastjóri ágirnast grasbolla (tilvalið samkomusvæði) sem lá aðeins norðanvið hin upp-

haflegu ákveðnu landamerki og félst Árni á það gegn því að lítilsháttar sneið tækist þá af hinni fyrirhuguðu spildu að sunnanverðu, enda væri þar eftir litlu að slægjast vegna snjóþyngsلا, auk þess sem áin færi þar um með jakaburði í leysingum. En vegna þessa, sem nú var sagt, breyttist girðingarlínan frá því sem lauslega hafði verið ákveðið daginn áður. En þegar samkomulag var fengið stungum við Konráð út línum og félst jarðareigandi á að ég mætti hnika til hornum eftir því sem ég teldi nauðsynlegt til þess að fá sem best og snjóléttast girðingarstæði.

Lét ég enn spyrjast fyrir um skógræktarstjórann, en árangurslaust. Símaði ég þá til Unnar Eggertsdóttur í Reykjavík og sagði hún mér að skógræktarstjórinn hefði lagt af stað um fyrri helgi og og ætlað norður Sprengisand. Taldi ég þá vist að hann hlyti að vera alveg á næstu grösum.

Miðvikudagur, 7. ágúst.

Byrjað að grafa fyrir hornstaurum og unnu þeir að því Konráð Erlendsson og Dagur Sigurjónsson.

Fimmtudagur, 8. ágúst.

Lokið við að grafa fyrir þeim staurum er steypa þurfti. Víða harður melur og seingrafið. Járkarl sem skólinn átti heldur lélegur en mölbrfótarnir betri. Einnig var borið grjót að ~~xxxxxx~~ sumum holunum.

Föstudagur, 9. ágúst.

Byrjað að steypa hornstaurana, og fengum lánað cement í Hólum gegn því að skila í sama.

Laugardagur, 10. ágúst.

Lokið við að steypa öll hornin vestan ár, svo og þrjá strengingarstólpars, sömuleiðis reknir niður allir staurar nema þar sem melarnir voru svo harðir að saga þurfti af staurunum til þess að koma þeim niður. Kom Jakob bónbi í Hólum til okkar og fór þess á leit að fá að halda opnum heybandsvegi í gegnum girðinguna, en til þess purfti tvö hlið, og þau víðari en almennt gerist. Var ég ófáanlegur til þessa, og benti á að krókurinn niður fyrir girðinguna og með ánni væri svo lítill að engu munaði. En til samkomulags gekk ég inn á að láta lagfæra lítilsháttar á tveim stöðum, t.d. moka úr bakka með ánni, svo að baggarnir rækjust ekki í þegar lestin væri teymd þar um.

Ekkert hafði enn frésts til ferða skógræktarstjórans og hafði þó Breiðumýrarstöðin sput eftir honum á hverjum degi. Þótti okkur honum dveljast ískyggilega lengi og ekki dragandi lengur að vita með vissu hvenær hann hefði lagt á fjöllin. Varð þá að ráði hjá okkur Arnóri skólastjóra að síma til atvinnumálaráðherra og biðja hann að sjá um að grennslast væri um ferðir skógræktarstjóra. Náðum við tali af atvinnumálaráðherra, sem þá var á Þingvöllum og tók hann vel málaleitun okkar og kvaðst fyrirskipa atvinnumála-ráðuneytinu að gera þessa eftirgrennslan þá þegar.

Sunnudagur, 11. ágúst.

Barst skeyti frá atvinnumálaráðuneytinu þess efnis að skógræktarstjórinn hefði verið í Fornahvammi síðastliðið þriðjudagskveld og í Grænumýrartungu miðvikudag.

Pennan dag kom að Laugum skólanefnd Alþýðuskólans á Laugum, en í henni eiga þeir sæti: Þórólfur Sigurðsson, bóndi í Baldursheimi, Jón Sigurðsson, bóndi í Ystafelli og Kristján Sigurðsson, bóndi á Halldórsstöðum í Kinn. Fórum við Arnór með þeim vestur yfir á og í kringum hið afmerkta svæði. Höfðu þeir Jón og Þórólfur verið þar með í ráðum, er spilda þessi var fyrrum afmörkuð út Hólandi og töldu vanta talsvert til að fylgt væri hinum fyrri merkjum. Vildu þeir breyta girðingunni að sunnann verðu, gerðu lítið úr snjóþyngslum þar eða ruðning árinnar. En með því að breyta þessu þurfti að brjóta upp 1 horn og 2 strengingarstólpa. Vórum við tregir að fallast á þetta við Arnór, enda benti Arnór á að staðinn fyrir þetta hefði skólinn fengið grasi gróna bollann sem fyrr er nefndur. Létu þeir þá sansast. En hitt sóttu þeir fast að Myllueyrin yrði tekin innan girðingarinnar, en hjá henni höfðum við sneitt vegna þess að kunnugir fullyrtu að yfir hana færi áin stundum með jakaruðningi í leysingum. En úr því vildu skólanefndin lítið gera. Sagðist ég að vísu ekki geta um þetta borið, en stakk upp á að hlaða mætti dálítinn garð undir girðinguna á Myllueyrinni til þess að veita viðnám jökum þeim sem upp á hana bárust. Varð þá að samkomulagi að taka nokkurn hluta Myllueyrinnar með, en með því bættust 3 ný horn við, sem steypa þyrfti og girðingin lengdist lítið eitt. En engu þurfti að breyta af því sem búið var að gera nema að taka upp og flytja til nokkra staura, sem búið var að reka niður (og þó ekki til fullnustu) í móajörð. Þótti mér því þetta hafa betri enda, en áhorfðist í fyrstu.

Seinni hluta dagsins fórum við Einar litli út að Breiðumýri að hitta Harald lækni. Urðum við honum samferða ásamt fleirum út á bæi, komum bæði að Helgastöðum og Halldórsstöðum.

Mánudagur, 12. ágúst.

Byrjaði Þóroddur Guðmundsson að vinna við girðinguna. Grafið fyrir þeim 3 hornum, sem breyting og stækkan girðingarinnar hafði í för með sér og í þau steypir staurarnir.

Priðjudagur, 13. ágúst.

Grafið fyrir sigum við hornin, steinar bornir að holunum og gengið frá sigunum. Síðari hluta dags fór ég með Haraldi lækni inn í Skarð á móti Bjarna lækni og konu hans, er vonu að fara í skemmtiferðarlag norður um sýsluna.

Miðvikudagur, 14. ágúst.

Lagaður til heybandsvegur vegna Hólabóndans (sbr. það sem áður er sagt.) Náði ég tali af skógræktarstjóranum og skýrði honum frá mistökum þeim, sem orðið hefðu á verkfæra-sendingunni til Húsavíkur, en nú stæði á talíum og vírtöngum. Lofaði hann að senda mér þessa hluti. Símaði ég til læknis-ins á Húsavík, sem ég frétti að kæmi þá um kveldið að Breiðumýri og bað hann að ná í fylgibréfið yfir efnið til Laugaskóla svo að sæist hvað á því stæði. En bílstjóri sá sem efnið hafði flutt, hafði fengið fylgibréfið, en var þá einhvers staðar í akstri, svo bréfið fékk ég ekki.

Fimmtudagur, 15. ágúst.

Hlaðinn garður á Myllueyrinni til þess að verjast ísreki. Talaði ég aftur við skógræktarstjórann á Akureyri af því mér hafði láðst að segja honum frá að bindingsvís vantaði. Sagðist hann senda yfir í Veigastaði: 4 blökkir, kaðal, vírtangir og bindingsvís, en Kristján skógarvörður á Vöglum sækta dótíð þangað og mætti senda eftir því í Vagla föstudagskveld.

Föstudagur, 16. ágúst.

Fyrri hluta dagsins lokið við garðinn á Myllueyrinni, en síðari hlutann voru báðir mennirnir við heybinding hjá skólastjóra.

Laugardagur, 17. ágúst.

Sendi ég Konráð á 2' hestum mínum til Vagla að sækja dótíð, og kom hann með það um kveldið. En Þóroddur gróf fyrir hornholunum 4 í húsmæðraskólagirðingummi, að því loknu dreifum við nokkrum netrúllum á girðingarlínunni vestan ár.

Sunnudagur, 18. ágúst.

Fórum við feögarnir upp í Mývatnssveit, ætluðum til móts við Bjarna lækni og konu hans, sem þá áttu að vera komin að vestan (frá Ásbyrgi og Dettifoss,) en Bjarna hafði ég lánað í ferðina hesta mína tvo Örn og Smyril. Riðum við suður Reykjadal og upp Mývatnsheiði. Ær þessi leið afar skemmtileg, sums staðar upphleyptur vegur en víðast moldargötur og þjóta bílar nú upp að Skútustöðum þegar þurrt er. Komst ég að Arnarvatni en frétti ekkert af Bjarna lækni og snerum svo til baka.

Miklu skemmtilegra er fyrir þá, sem Mývatnssveit vilja skoða að fara þessa leið, ólíkt skemmtilegra fyrir ferðamanninn, heldur en Hólasandur.

Mánudagur, 19. ágúst.

Byrjað að strengja og sett jafnframt aðalsigin. Þar sem mestar voru lægðir.

Þriðjudagur, 20. ágúst.

Haldið áfram að strengja og siga niður.

Miðvikudagur, 21. ágúst.

Sigað niður og sett hornstög til styrktar. Vann Konráð til hádegis, þá lagðist kona hans á säng.

Fimmtudagur, 22. ágúst.

Higning og hvassviðri mikið. Borið grjót að hornholunum við húsmæðraskólagirðinguna og hlaðnir garðar undir girðinguna vestan ár.

Föstudagur, 23. ágúst.

Sama óveðrið og ill vinnandi með köflum. Þó unnu þeir allan daginn, Konráð og Þóroddur en illa hraktir, fjölguðu sigum vestan ár og hlóðu undir. Þennan dag var Ásgeir fræðslumálastjóri veðurtepptur á Laugaskóla.

Baugardagur, 24. ágúst.

Hélst sama óveðrið fram að hádegi og ekkert vinnuveður fyrr en seinni hlutann, en þá héldum menn mínir áfram undirhleðslunni vestan ár. Fræðslumálastjóri enn veðurtepptur.

Um langan tíma hafði ég reynt að ná samtali við mann í Reykjavík, sem heitir Jón Arnbjarnarson, en ábur ég fór úr Reykjavík hafði komist til tals að hann leigði mér næsta veturn. Um þetta hafði ég ætlað að spyrja hann, en aldrei náð honum til viðtals. Tók ég þá það ráð að ná í mann sem

hjá Jóni vinnur: Ara Gíslason og biðja hann að tala um þetta við Jón. Var mér nauðsynlegt að vita um þetta sem fyrst, þar sem hvorugt okkar hjónanna var fyrir sunnan. En fengi ég íbúðina leigða, ætlaði kona míni að dvelja í Hjáltdal og bíða eftir mér þar.

Sunnudagur, 25. ágúst.

Fór ég að Breiðumýri og læknirinn með mér yfir að Halldórsstöðum en bóndinn á Halldórsstöðum, Jón Sigfússon hafði mælst til þess að ég skoðaði skógarleyfar sem eru á jörð hans. Skógarleyfar þessar heita einu nafni Vatnshlíð og eru á landamerkjum jarðanna Halldórsstöðum og Fagranes. Fórum við víða um Vatnshlíð Halldórsstaðameggin og er skógurinn þar víða fallegur og sumsstaðar mjög þroskavænlegur. Hefir og Jón bóndi látið sér annt um að grisja hann þ.e.a.s. það sem upp hefir verið tekið til notkunar. Það sem helst mætti að grisjuninni finna er það, að of lítið hefir verið höggið, hins vegar hefir hvergi verið rjóðurfellt og er það nýtt að sjá í skógunum bænda.

Víða sá ég hríslur og þær fleiri saman sem munu ~~xxxxxx~~ vera um 6-8 álnir hæð og með góðum þroskaeinkennum.

Vatnshlíð þykir með fegurstu stöðum þar um slóðir, enda sækja þangað margir víðsvegar að úr sýslunni til þess að njóta þar sumarfegurðarinnar. Eru þar haldnar samkomur, auk þess sem Húsvíkingar fjölmenna þangað í "skógartúra",. Gekk ég þess og síst dulinn, að þar naður Vatnshlíð er fagurt útsýni norðvestur yfir Vestmannavatn og ekki spillir áin (Reykjadalsá), þar sem hún líður áfram milli fagurgrænna bakka þar sem er aðalengi dalbúa.

Ég minntist á girðingu við Jón Bóna og létt hann á sér skilja að jörð sín væri svo landlítill að hann mætti ekki missa allan skóginn. Stakk ég þá upp á hvort ekki mundi ráðlegt að taka spildu af báðum jörðum beggja megin við landamerki og girða saman. Leizt Jóni vel á það, en vitanlega var ekkert um það ráðið að sinni. Þó mundi ég telja vel farið að einhver hluti skóglendis þessa yrði girtur og friðaður, og liggja til þess þau rök, sem lauslega er drepið á í þessar stuttu frásögn.

Mánudagur, 26. ágúst.

Steyptir miður hornstaurarnir í húsmæðraskólagirðingunni og hlaðið undir dálitla stund vestan ár.

Priðjudagur, 27. ágúst.

Lokið að mestu leyti við að strengja vestan ár, auk þess tekin sig hlaðið undir og jafnað til.

Miðvækudagur, 28. ágúst.

Miðvikudagur, 28. ágúst.

Steyptir niður hliðstólparnir tveir vestan ár og lagði skólinn þá til. Auk þess var haldið áfram að siga niður og hlaða undir. Fréttum við á skotspónum við Arnór, að girðingarefni væri komið til Húsavíkur merkt Laugaskóla. Símaði ég þá til Húsavíkur og náði tali af afgreiðslu Esju og fékk að vita að þær lægi verkfærapoki, og girðingarvír. Símaði ég þá jafnframt til Sigurðar Bjarklind kaupfélagsstjóra og bað hann að senda okkur dót þetta og sömuleiðis 2 cementspoka til þess að geta skilað Jakobi á Hólum þeim, en hann hafði lánað okkur cement og vanhagaði nú um það. Símaði skógræktarstjórinn til míni frá Akureyri og kvaðst koma daginn eftir. Þennan dag léti ég leita að hestum mínum upp á hálsi ofan girðingarnar, en þeir fundust ekki.

Fimmtudagur, 29. ágúst.

Unnið eingöngu vestan ár, bætt við sigum, staurar reknir til fullnustu og vírinn festur sums staðar hlaðið undir og jafnað. Kom skógræktarstjórinn og athugaði girðinguna vestan ár. Var enn leitað að hestum mínum og komu beir í leitirnar seint um kveldið.

Föstudagur, 30. ágúst.

Eðr með skógræktarstjórinn og með honum Arnór skólastjóri áleiðis til Reykjavíkur. Þennan dag var strengd girðingin í kringum húsmæðraskólann og sett nokkur sig.

Saugardagur, 31. ágúst.

Lokið við girðinguna hjá húsmæðraskólanum nema álmuna með veginum, þar sem ætlast er til að rimlagirðing verði sett.

Sunnudagur, 1. september.

Um kyrrt og símaði ég til konu minnar, sem stödd var á Hóum í Hjaltadal og þótti henni seint ganga að fá fullvissu um húspláss fyrir sunnan.

Mánudagur, 2. september.

Lokið við girðinguna vestan ár að öllu leyti og þar með lokið starfi mínu við Laugaskóla í þetta sinn. Náði ég loks samtali við Jón Arinbjarnarson í Reykjavík en hafði ekki annað upp úr því en það, að húsnæði gæti hann ekkert leigt mér. Svo að ekki var á það að treysta.

Þriðjudagur, 3. september.

Leituðum við feðgar að hestunum og fundum þá. Síðan fór ég á báða Laugabæina og greiddi fyrir hagabeit hesta minna. Fór síðan að Breiðamýri greiddi símareikninga mína og sendi konu minni vestur í Hjaltadal símskeyti um að við ættum ekkert húsnæði vist til

vetrarins. Dvaldi ég fram á kveld hjá lækninum.

Miðvikudagur, 4. september.

Fórum við feðgar alfarnir úr Reykjavík og varð okkur samferða frú Helga, kona skólastjórans, sem átti ferð inn í Fnjóskadal. Þegar að Fljótsbrúnni kom hafði gamla brúin verið söguð sundur til þess að geta betur komist að því að steypa vegna nýju brúarinnar. Voru þá lagðir lausir plankar yfir ɔpið og léttum við hestana rekja sig þar yfir. En glæfraelagt var það og bani hvers hests, sem fataðist. Allt fór þó vel, og undravert hvað hestarnir voru stilltir, Að Vöglum fórum við um kveldið.

f Garði.

Fimmtudagur, 5. september.

Ég hefði ætlað mér að vera á Vöglum 1 eða 2 daga bæði til þess að skoða viðinn sem suður átti að flytjast og athuga ýmislegt fleira. En af því að svo var áliðið sumars vildi ég hraða sem mest girðinguunni í Garði. Réði ég því af að halda þegar út í Garð og reyna að hafa steypt niður þá staura, sem steypa þurfti, fyrir helgina, en á meðan steypan væri að harðna að skreppa þá til Vagla að ljúka þar á meðan því sem gera þurfti. En þegar út í Garð kom var Páll bóndi ekki heima, en kom þó heim um kveldið.

Föstudagur, 6. september.

Var Páll með mér pennann og allan, ákváðum við legu girðingarinnar. Síðan grófum við allar hornholurnar 6 og veltum að þeim grjóti.

Laugardagur, 7. september.

Blásandi þurrkur pennan dag og voru því synir Páls bundnir við hey seinni hluta dagsins. En okkur tókst þó að steypa í öll hornin með hlaupavinnu bræðranna.

Sunnudagur, 8. september.

Rigning fram eftir degi og hreyfði ég míg ekki fyrr en um nón,. Fór þá inn að Vöglum, en Kristján skógarvörður á fundi inn í Fjósatungu.

Mánudagur, 9. september.

Fórum við Kristján árla morguns niður í skóg og athuguðum efni og eldivið þann sem suður átti að flytjast. Fannst mér efniviðurinn mindi verða alltof lítill, svo að ég merkti nokkrar vænar hríslur þar nærri. Gengum við allvíða um skógin, t.d. um allan Stórahvamm

og virtist mér að mikil þörf væri að höggva þar meira en gert hefir verið. Enda er þar ágætis efniviður, þó búast megi við að sumar stærstu hríslurnar séu það kmmnar til ára að þær séu að einhverju leyti mergsmognar. Og svo er eflaust um margt þessar gömlu og sveru trjáa þar í skóginum.

Eftir hádegi lagði ég af stað út í Garð. Hafði Páll byrjað að dreifa staurnum og hjálpuðumst við til að reka nokkrar þeirra niður til kvelds.

Priðjudagur, 10. september.

Sett hornsig, vírinn allur rakinn og festur saman og tekin ein strenging.

Miðvikudagur, 11. september.

Öll girðingin strengt, fest að mestu leyti á stólpa og sigað niður.

Fimmtudagur, 12. september.

Blásandi þerrir æg varð Páll að sinna heyinu. Þó fékk ég hann til að skjótast í að hjálpa mér svo að ekki var annað eftir en að hlaða í tvær lægðir allstóra garða og tók Páll að sér að gera það fyrir 10 krónur.

Föstudagur, 13. september.

Fórum við feðgar alfarnir frá Garði og náðum í seinni símatímann á Hálsi. Símaði ég fyrst til Hóla í Hjaltadal að fréttu af konu minni, en hún var þá farin suður fyrir nokkurn. Síðan símaði ég til Jóns Jónatanssonar járnsmiðs á Akureyri, til þess að vita hvort hann gæti járnað fyrir mig hestana daginn eftir. Einnig símaði ég til Péturs Lárussonar kaupm. og bað hann að tryggja mér haga fyrir hestana. Fórum við svo til Vagla og vorum þar nóttina.

Laugardagur, 14. september.

Héldum við frá Vögnum og yfir á Akureyri, komum þangað um nón og vórum á Goðafossi. Náði ég í dýralækni og kom hann til Jóns Jónatanssonar járnsmiðs og tálgaði Gamm upp, en ráðlagði að járna Örn með hringskeifum. Vannst tími til að járna suma hestana, en hinir urðu að bíða fram yfir helgi. Tóku þeir af mér hestana kaupmennirnir Axel Kristjánsson og Pétur Lárusson og skiftu þeim á hún sem þeir hafa á leigu út á Oddeyri. Reyndi ég að ná símtali af skógræktarstjóranum, en tókst ekki.

Á Akureyri var ég svo þangað til 18. september, en þá fékk ég tilkynningu frá ísl. banka að ég ætti þar peninga. Bjóst ég þá til ferðar, lét sækja hestana og járna.

Ætluðum við að þverá í Öxnadal um kveldið, en komumst ekki nema að Neðstalandi. Þar stökk Smyrill að mér óvorum yfir skurð, en ég hélt ekki í tauminn. Féll ég aftur fyrir mig og af baki og varð fastur í báðum ístöðum. Dró hann mig nokkurn spöl, en þegar ég losn-aði við hestinn var ég fótbrotninn. Var Einar litli á Erni og hleypti hann strax til bæja að Neðstalandi og fékk mannhjálp. Komu 6 menn að vörmu spori og vildu bera mig til bæja, en ég bað þá heldur að fara til Bægisár og reyna að ná í Bjarna lækni ásamt konu sinni í bifreið eftir tvo tíma. Var mér svo ekið til Akureyrar og lagður inn á sjúkrahúsíð. Hestana skildi ég eftir hjá ráðsmanni Bendikts Einarssonar söðlasmiðs, sem býr á hálfri Bægisá. Vóru þeir þar í 11 sólarhringa þangað til ferð féll vestur í Húnavatnssýslu og komust þeir þannig suður. Einar litla sendi ég með Drottningunni eftir tvo daga.

Var ég svo á sjúkrahúsínu til 20. október, að ég fékk far með Drottningunni. Gekk sú ferð vel og kom ég til Reykjavíkur 22. okt.

Mátti ég þakka Bjarna lækni og góðri hjúkrun, hvað mér batnaði fljótt og vel, ví að brotið þótti mjög slæmt.

Reykjavík 15. febrúar, 1930.

Einar Sæmundsen.